

Ed.

10. Frumvarp til laga

[10. mál]

um Jarðboranir ríkisins.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson, Lárus Jónsson, Salome Porkelsdóttir.

1. gr.

Ríkið starfrækir fyrirtæki er nefnist Jarðboranir ríkisins. Skal það rekið sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

Jarðboranir ríkisins heyra undir ráðherra þann sem fer með orkumál.

2. gr.

Hlutverk Jarðborana ríkisins er að eiga og reka jarðbora til notkunar við rannsóknir á orkulindum landsins og við vinnslu á orku úr jörðu. Þeim er heimilt að bora í öðru skyni, eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Vegna náinna starfstengsla jarðborana og rannsókna til undirbúnings borun, meðan á henni stendur og að henni lokinni, skal dagleg starfsemi Jarðborana ríkisins fara fram í nánnum tengslum við Orkustofnun.

4. gr.

Jarðboranir ríkisins framkvæma boranir samkvæmt beiðni Orkustofnunar eða annarra aðila, sem þess óska, enda komi full greiðsla fyrir.

Gerður skal verksamningur fyrir hvert verkefni, sem Jarðboranir ríkisins taka að sér. Skal gjaldskrá fyrir þjónustu þá, sem Jarðboranir ríkisins inna af hendi, ákveðin með hliðsjón af því, að tekjur af borunum standi undir rekstrarkostnaði og fjármagnskostnaði fyrirtækisins miðað við eðlilegan afskriftatíma.

Ráðherra skal staðfesta gjaldskrá Jarðborana ríkisins.

5. gr.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Jarðborana ríkisins og aðra fasta starfsmenn fyrirtækisins að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Aðra starfsmenn ræður framkvæmdastjóri.

6. gr.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi Jarðborana ríkisins.

7. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1983.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á tveim síðustu þingum, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er nú endurflutt óbreytt nema að því er varðar ákvæði um gildistöku. Áður fylgdi frumvarpinu eftirfarandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til orkulaga og leiðir af breytingum sem þar er gert ráð fyrir að verði gerðar á hlutverki Orkustofnunar.

Meginbreytingarnar, sem frumvarp þetta felur í sér frá gildandi lögum, eru, að

- 1) Orkustofnun er ekki falið að annast rekstur Jarðborana ríkisins, eins og verið hefur, heldur skal fyrirtækið lúta sérstökum framkvæmdastjóra, sem ráðherra skipar,
- 2) ný ákvæði eru sett um starfshætti fyrirtækisins.

Rétt þykir að hafa sérlög um Jarðboranir ríkisins í stað þess að fjallað sé um slíkt fyrirtæki í almennum orkulögum, svo sem verið hefur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er um þá breytingu að ræða frá gildandi lögum, að fellt er niður ákvæði um að ráðherra feli Orkustofnun eða öðrum aðila að annast rekstur fyrirtækisins.

Um 2. gr.

Hér er nánar og skýrar kveðið á um hlutverk og verkefni Jarðborana ríkisins en gert er í gildandi lögum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um starfshætti Jarðborana ríkisins, sem leiðir af því, að hér er um að ræða verktakafyrirtæki. Verksamning ber að gera, hvert svo sem verkefnið er og fyrir hvaða aðila sem unnið er, Orkustofnun sem aðra.

Um 5.—7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.